

Smíðjuvegi 68-70
200 Kópavogi
Sími 510 1500
Fax 510 1509

Alþingi
Erindi nr. P/27/568
komudagur 2. 1. 2002



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Alþingi - Samgöngunefnd
Ágúst Geir Ágústsson
150 REYKJAVÍK

2001120089

212

20. desember 2001

Málefni: Viðmiðunartilboð fyrir samtengingapjónustu.

Í nefndaráli frá samgöngunefnd um 145. mál 127. löggjafarþings 2001-2002 segir að nefndin mælist til þess að vinna við gerð reglna um efni samtengingar og viðmiðunartilboðs skuli flýtt eftir því sem hægt er. Póst- og fjarskiptastofnun telur þess vegna rétt að upplýsa að drög að reglum um viðmiðunartilboð voru í dag send fjarskiptafyrtækjum til umsagnar og er frestur veittur til 14. janúar 2002 að gefa umsögn.

Regludrögin sendast yður hér með til fróðleiks.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Arnar

DRÖG AÐ REGLUM UM VIÐMIÐUNARTILBOÐ

Á SAMTENGINGU.

1. gr.

Viðmiðunartilboð.

Viðmiðunartilboð er tilboð sem fjarskiptafyrirtæki, hér eftir nefnt tilboðsgjafi, birtir og inniheldur lýsingu og verð á sundurliðuðum möguleikum þess til að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að þeim hlutum neta og þáttum þjónustu sem eru nauðsynlegir til þess að fjarskiptafyrirtæki geti tengt net sín og þjónustu við net og þjónustu tilboðsgjafans.

2. gr.

Skylda til að birta viðmiðunartilboð.

Fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu á sviði talsíma í fastaneti og leigulína og njóta umtalsverðar markaðshlutdeildar á þessum sviðum skulu birta viðmiðunartilboð um samtengingu í samræmi við reglur þessar. Viðmiðunartilboð sem og allar breytingar á þeim skulu tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun áður en þau taka gildi. Gildandi viðmiðunartilboð skal liggja frammi til afhendingar á starfsstöð tilboðsgjafa og vera aðgengilegt á vefsíðu hans.

3. gr.

Innihald viðmiðunartilboðs.

Að lágmarki skal viðmiðunartilboð lýsa framboði og tilheyrandi skilyrðum, skilmálum og gjaldskrá fyrir netaðgang og þjónustu að því er varðar eftirfarandi liði:

1. Staðsetningu samtengingarpunkta. Listi yfir staði og stöðvar skal gerður í samræmi við 5. gr.
2. Eiginleika samtengipunkta. Lýsa skal í samræmi við 6. gr. þeim kostum sem standa til boða.
3. Samtengingarsambönd. Birta skal lista yfir mismunandi gerðir sambanda sem í boði eru, afhendingartíma og gæði sambanda eins og kveðið er á um í 7. gr.
4. Samtengingarþjónustu sem í boði er og skal að lágmarki vera sú þjónusta sem upp er talin í 8. gr.
5. Tækniröfur í samtengingarpunktum. Birta skal gildi þeirra breytistærða sem taldar eru upp í 9. gr.
6. Tegundir símtala sem völ er á og gæði þeirra. Framboðið skal eigi vera minna en sem samsvarar ákvæðum 10. gr.
7. Aðstoð við notendur. Telja skal upp þá þjónustu sem veitt er í talsímaþjónustu tilboðsgjafa í samræmi við 11. gr.
8. Viðbótarþjónustu. Í 12. gr. er gerð grein fyrir þjónustutegundum sem falla undir þennan lið.

9. Forval og fast forval. Lýsing á fyrirkomulagi þessarar þjónustu skal vera í samræmi við 13. gr.
10. Númeraflutning. Lýsa skal því hvaða númeraflutningur stendur til boða í samræmi við 14. gr.
11. Almenn skilyrði sem skulu talin upp í samræmi við 15. gr.

4. gr.

Sundurliðun framboðs.

Verð í viðmiðunartilboði skulu vera sundurliðuð eftir tegund samtengingar og eftir þjónustu í samræmi við sundurliðun 5.-15. gr. Fjarskiptafyrirtæki skulu eiga þess kost að semja um einstaka þætti viðmiðunartilboðsins. Óheimilt er að leggja fram viðmiðunartilboð í formi heildstæðs samtengingarsamnings.

Verð samkvæmt viðmiðunartilboði fjarskiptafyrirtækis sem fellur undir 2. gr. skulu vera gagnsæ og byggjast á kostnaði viðkomandi nets eða þjónustu þ.m.t. hæfilegrar ávöxtunar fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds.

5. gr.

Staðsetning samtengingarpunkta.

Í viðmiðunartilboðinu á að vera listi yfir allar símstöðvar þar sem samtenging stendur til boða; staðbundnar stöðvar, tandem (ath. þýðingu) stöðvar og útländastöðvar, ásamt heimilisfangi þeirra og upplýsingum um númeraraðir sem uppsettar eru í hverri stöð. Listann skal endurnýja við allar breytingar á samtengingarmöguleikum. Taka skal fram hvort einhverjar takmarkanir eru á fjölda fjarskiptafyrirtækja sem geta tengst hverri stöð.

Heimilt er að skilgreina samtengingarsvæði í stað símastöðva. Í viðmiðunartilboðinu skal hvert samtengingarsvæði vera nákvæmlega afmarkað. Á hverju svæði skal vera a.m.k. ein staðbundin símstöð af annari tegund en útstöð.

Ef samtenging er ekki í boði í einhverri símstöð skal lýsa tilhögun annarra kosta. Síndaraðgangur að slíkri símstöð skal vera boðinn á sömu kjörum eins og fjarskiptafyrirtæki hefði notið ef samtenging hefði verið möguleg í símstöðinni.

Kostur skal gefinn á samtengingu hvort sem er í húsnæði tilboðsgjafa eða í húsnæði fjarskiptafyrirtækis sem óskar eftir samtengingu. Þegar um er að ræða samtengingu milli landa skal gefinn kostur á samtengingarpunkti á heppilegum stað á leiðinni milli landa.

6. gr.

Eiginleikar samtengingarpunkta.

Lýsa skal eiginleikum nets tilboðsgjafans að því er viðkemur samtengingu, þ.m.t. tegund búnaðar, fjölda hvernar tegundar og staðsetningu í símstöð, skipulag símstöðvarkerfisins og möguleika á leiðavali í netinu frá samtengingarpunkti.

Allar breytingar á eiginleikum skv. 1. mgr. eftir útgáfu viðmiðunartilboðs skulu kynntar fyrirfram svo að þær raski ekki starfsemi fjarskiptafyrirtækja. Ef lýsing á fyrirhuguðum breytingum er mjög umfangsmikil eða ef birting upplýsinganna getur haft áhrif á viðskiptahagsmuni eða þær geta flokkast sem trúnaðarmál getur verið nóg að birta tilvísun til þess hvar hægt er að nálgast þessar upplýsingar.

Tilboðsgjafa ber að greina frá öllum takmörkunum sem settar eru á samtengingarþjónustu og eiginleikum samtengipunkta.

7. gr. Samtengingarsambönd.

Upplýsa skal um mismunandi tegundir flutningsleiða sem til boða standa til þess að tengja saman aðskilin net. Fyrir hverja flutningsleið þarf að lýsa hvaða tækni er notuð við flutninginn og hver er bandbreidd leiðarinnar. Það ber að taka fram hvort flutningsleiðir verði einátta eða tvíátta. Ef tilboðsgjafi gerir kröfur um lágmarksrásafjölda eða lágmarksflutningsgetu sambanda er nauðsynlegt að taka það fram í tilboðinu.

Verðskrá fyrir sambönd á að innihalda a.m.k. stofngjald og fastagjöld fyrir línur (eða rásir) og innganga á netum eða stöðvum. Þegar um tvíátta sambönd er að ræða skal taka fram hver er kostnaðarskipting milli samtengingaraðila. Heimilt skal vera að nota sambönd í eigu annars hvors aðilans eða leigja af þriðja aðila.

Upplýsa skal um afhendingartíma frá því að fyrsta skriflega pöntun er gerð um samtengingu við net eða sírstöð og um afhendingartíma fyrir aukningu á flutningsgetu. Upplýsa skal um stysta samningstímabil sem hægt er að semja um.

Taka verður fram hvaða gæðakröfur hver tegund sambands uppfyllir, þ.m.t. hlutfall þess tíma sem sambandið er nothæft og viðbragðstíma þegar bilun verður á sambandi sem er látið í té af tilboðsgjafa. Gæðakröfurnar mega taka mið af reynslutölum tilboðsgjafa.

8. gr. Þjónusta í sambandi við samtengingu.

Að lágmarki skal bjóða eftirfarandi þjónustu:

Lúkningu símtala.

Tilurð símtala.

Viðkoma, þ.e. aðgangur að öðrum netum sem eru samtengd neti tilboðsgjafa.

Aðgangur að þjónustuveitendum sem rekstrarleyfishafinn hefur gert samning við um nettengingu.

Taka ber fram ef einhver mismunur er á þjónustu sem veitt er í mismunandi samtengingarpunktum sbr. 5. gr. og sömuleiðis ef gerður er greinarmunur á þjónustu sem boðin er netrekstraraðilum og talsímaþjónustuveitendum.

Samtenging með lúkningu símtala alls staðar á landinu skal alltaf standa til boða.

Lýsa skal gjaldtökuáðferðum fyrir þjónustu. Í því sambandi skal upplýsa um mælieiningar símtala, þ.e. hvort verð eru á mínútu eða sekúndu, um gjöld sem byggjast á flutningsgetu, umferð og fjarlægð og mismun í verði eftir tíma dags eða eftir dögum. Uppsetningargjald verður að réttlæta og eingöngu má beita því að það sé tekið í smásölu talsímaþjónustu tilboðsgjafa.

Tilboðsgjafi sem veitir leigulínuþjónustu skal bjóða samtengingu á línuhlutum bæði innanlands og til útlanda. Sambandið milli leigulínuhlutanna fellur undir ákvæði 3. gr.

9. gr.

Tækniröfur í samtengingarpunkti.

Lýsing á tæknieiginleikum í samtengingarpunktum á, auk þess að innihalda tilvísanir í viðkomandi tæknistaðla svo sem ETSI staðla og/eða tilmæli sem gefin eru út af Alþjóðafjarskiptasambandinu, ITU, að skilgreina samtengingarsniðið á eftirfarandi hátt:

- rafrænir og efnislegir sniðeiginleikar
- sendingareiginleikar
- merkjasendingar að meðtöldum innlendum frávikum frá merkjasendingarstaðli SS7 þegar þau standa til boða
- tilvísun til samtengingarþjónustu sem boðin er í samtengingarpunktinum
- tilvísun þegar það á við til möguleika hagnýtrar notkunar sem boðin eru í samtengingarpunktinum.

Ekki má gjaldfæra fyrir merkjasendingu ofan á símtalagjöld.

10. gr.

Tegundir símtala og gæði þjónustu.

Möguleiki skal vera á eftirfarandi tegundum símtala:

- Símtöl í almenna talsímanetinu, innanlands og til og frá útlöndum
- Símtöl í samnetinu, innanlands og til og frá útlöndum

Uppýsingar á að veita um þjöppun ef hún er notuð í netum, bandbreidd í samnetsrásum og varaleiðir sem geta viðhaldið öryggi þjónustunnar.

Greina skal frá gæðum þjónustu sem boðin er og gæðakröfum sem gerðar eru í netinu svo sem hlutfall heppnaðra símtala.

11. gr.

Aðstoð við notendur.

Bjóða skal möguleika á aðstoð talsímavarðar (handvirk þjónusta), aðgang að neyðar- og öryggisþjónustu og upplýsingaþjónustu um símanúmer, innlendum og erlendum. Undir þetta fellur aðgangur talsímavarðar fjarskiptafyrirtækis að talsímaverði tilboðsgjafa og rauntímaaðgangur að gagnagrunni símaskrár tilboðsgjafans.

Í tilboðinu skal upplýsa um verðskilmála fyrir meðhöndlun neyðarsímtala um net tilboðsgjafa..

12. gr.
Viðbótarþjónusta.

Eftirfarandi þjónusta fellur undir þessa grein:

- Númerabirting og niðurfelling númerakennsla (CLIP/CLIR)
- Símtalsflutningur
- Merkjasetningar milli notenda (UU1)
- Símakort
- Aðgangur að sértalsímaþjónustu sem stendur til boða á neti tilboðsgjafa, t.d. aðgangur að 800 þjónustu og símatorgsþjónustu.

Upplýsingar sem þarf til að gera númerabirtingu mögulega skulu vera aðgengilegar samtengingaraðilum, þ.m.t. upplýsingar sem þarf til að fella niður númerabirtingu. Ef númerabirting er ekki möguleg frá öllum símsstöðvum skal þeirra getið sem ekki hafa slíkan möguleika og upplýst hvenær til stendur að bæta úr því.

Tilboðsgjafa ber að bjóða aðgang að allri þjónustu sem er nauðsynleg til þess að fjarskiptafyrirtæki geti boðið þjónustu í samkeppni við tilboðsgjafann og upplýsa um skilmála. Sömuleiðis ber tilboðsgjafanum að upplýsa um skilyrði fyrir því að veita notendum sem eru tengdir við tilboðsgjafann aðgang að sértalsímaþjónustu fjarskiptafyrirtækjanna.

13. gr.
Forval.

Forval skal vera í boði bæði með forskeyti sem valið er við hvert símtal og sem fast forval sem gerir notandanum kleift að sleppa forskeytinu og vera sjálfkrafa tengdur þjónustuveitanda þegar valin eru innlend og/eða útlend símtöl. Í föstu forvali skal bjóða framhjálaup sem gerir notandanum færi á að nota forskeyti til að fara fram hjá föstu forvali. Lýsa skal því hvernig fyrirkomulagi forvals og fasts forvals er háttað, þó er heimilt að í stað slíkrar lýsingar sé staðfest að fyrirkomulagið sé í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um forval og fast forval.

Staðfesta skal að þjónustugæði séu að lágmarki hin sömu og gilda fyrir smásöluþjónustu tilboðsgjafans.

14. gr.
Númeraflutningur.

Staðfesta skal að númeraflutningur milli fastra talsímaneta, milli landshluta og milli farsímaneta sé mögulegur í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um númeraflutning. Upplýsa ber með hvaða hætti númeraflutningur er framkvæmdur, t.d. með símtalsflutningi, innsetningu kóða eða í greindarneti.

15. gr.
Almenn skilyrði.

Upplýsa skal um almenn skilyrði og skilmála sem gilda sem hér segir:

1. Hvernig tilkynnt verður um breytingar á skilyrðum og skilmálum. Tilboðsgjafi á að tilkynna fyrirfram um fyrirhugaðar breytingar á skilyrðum og skilmálum. Sér í lagi á að koma fram í viðmiðunartilboðinu hvernig endurskoðun samtengingargjalda fer fram.
2. Aðferðir við prófun á samtengingu. Gera skal grein fyrir öllum stigum staðlaðar prófunar, þ.m.t. lengd prófunartíma sem verður að vera innan sanngjarna marka. Prófanir eiga að takmarkast við það að sannreyna heildstæði neta og samtengingarmöguleika og þjónustu sem gert er samkomulag um í samtengingarsamningi. Forðast skal að krefjast endurtekingu á prófunum.
3. Verklag þegar lagt er til að breyta netum eða þjónustuframboði einhvers aðila sem hlut á að máli, þ.m.t. þegar tilboðsgjafi hyggst breyta þjónustu sinni eða opna nýja. Þegar um er að ræða takmarkanir á aðgangi eða þjónustu skal staðfest að ekki verði gert upp á milli fjarskiptafyrirtækja og smásölu tilboðsgjafa. Þjóða skal þegar því verður við komið stýtt verklag þegar um endurskoðun er að ræða á samningi.
4. Samnýting aðstöðu. Lýsa ber þeirri aðstöðu sem í samræmi við lög um fjarskipti er boðin öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Undir slíka aðstöðu geta fallið samnýting stokka og röra, mastra og turna og húsnæðis. Um aðstöðu vegna heimtaugaleigu ber að fjalla í viðmiðunartilboði fyrir heimtaugaleigu.
5. Fjárhagslegir skilmálar fyrir breytingum á skiptibúnaði sjálfvirkra stöðva þegar þær eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að beina símtölum frá samtengdum aðila rétta leið. Hér á að koma fram kostnaður við slíkar breytingar og hversu lengi þær munu taka.
6. Skilyrði um framtíðaráætlanir. Taka skal fram hvaða skilmálar eru settir um stækkun neta og breytingar á tilhögun neta.
7. Skilmálar um reikningagerð og uppgjör. Hér skulu koma fram skilmálar um uppgjörseyðublöð, um kannanir á nákvæmni o.fl.
8. Kröfur ef einhverjar eru um sérstakan búnað eða hnútpunkta í netum.

16. gr.
Réttur til að breyta viðmiðunartilboði.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði enda sé slík krafa rökstudd t.d. með tilvísun í tilmæli ESB.

17. gr.
Viðurlög.

Viðurlög við brotum á reglunum fara eftir ákvæðum laga um fjarskipti nr. 107/1999.

18. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 26. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.